

FUNDARGERÐ

298. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í fundasal HEF að Einhleypingi 1.
Fimmtudaginn 23. september 2021 kl. 14:00.

Mætt eru:

Gunnar Jónsson (GJ), Jónína Brynjólfsdóttir (JB), Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HP)
Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum eru fjarverandi: Skúli Björnsson

Gestir fundarins eru:

Þorsteinn B. Ragnarsson, Kristmann Pálmason og Einar Ben. Þorsteinsson
Gunnar Jónsson, stýrði fundi.

Dagskrá

- 1 Eiðaveita – áform um uppbyggingu á Eiðum
 - 2 Staða verkefna – Þorsteinn Baldvin mætir
 - 3 Fráveita á Djúpavogi – staða greiningarvinnu
 - 4 Djúpivogur – heitir pottar við borholu
 - 5 Neysluvatnsskortur í dreifbýli – aðkoma HEF
 - 6 Ljósleiðari – staða verkefnis, kvartanir o.fl.
 - 7 8 mánaða uppgjör – staða
 - 8 Álagning vatns- og fráveitugjalda fyrir 2022
 - 9 Fráveitureglugerð, endurskoðun
 - 10 Fráveitusamþykkt Múlaþings – birting
 - 11 Starfsmannamál
 - 12 Skógrækt á Flötum
 - 13 Önnur mál
-

1 Eiðaveita – áform um uppbyggingu á Eiðum

Kristmann Pálmason og Einar Ben Þorsteinsson eru boðnir velkomnir að kynna áform sín um uppbyggingu á Eiðum. Félag í eigu Kristmanns er með staðfest kautilboð í Eiðastað upp á vasann. Afhending verður eigi síðar en 1. nóvember nk.

Hugmynd sem þeir vinna með er að gera upp fasteignir á svæðinu og glæða þær lífi. Einnig eru áform þeirra að skipuleggja og byggja sumarhús á landinu.

Erindi Kristmanns og Einars er að kanna möguleika á því að fá heitt vatn frá veitunni.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að skoða tæknilegar- og fjárhagslegar forsendur fyrir lagningu hitaveitu út í Eiða.

Kristmann og Einar yfirgáfu fundinn.

2 Staða verkefna – Þorsteinn Baldvin mætir

Farið yfir stöðu verkefna

Fljótsdalshérað. Sniðræsi að Melshorni er að hluta á áætlun og gæti frestast að hluta fram á næsta ár. Heimæðar í leikskóla í Fellabæ verða unnar á næstu vikum.

Borgarfjörður. Nýlagnir, heimæðar. Gengur erfiðlega að fá verktaka þar sem flestir eru uppteknir í öðrum verkum.

Seyðisfjörður. Nýlagnir og heimæðar ræddar, greiningarvinna vegna vatns- og fráveitu Seyðisfjarðar er að fara af stað, samningagerð við ráðgjafa er í vinnslu. Niðurstaða greiningarvinnu verði lokið fyrir 17. desember.

Djúpivogur. Lagnir að og frá kassaverksmiðju eru í vinnslu. Lítið hreinsivirki hefur verið keypt og verður sett niður á næstu vikum.

3 Fráveita á Djúpavogi – staða greiningarvinnu

Greiningarvinna varðandi fráveitu hefur verið skilað til HEF og er verið að skoða næstu skref. Þorsteinn yfirgaf fundinn.

4 Djúpivogur – heitir pottar við borholu

Múlaping hefur fengið úthlutun úr uppbyggingarsjóði ferðamannastaða til skipulagsgerðar og undirbúnings aðstöðu við körin sem nýta vatn úr hitastigulsholu (nr. 28) á Búlandsnesi.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að skoða fyrri rannsóknir og greina kostnað og hugsanlega tímasetningu á borun tilraunavinnsluholu.

5 Neysluvatnsskortur í dreifbýli – aðkoma HEF

Félagið hefur ásamt Múlapingi komið að skipulagningu á dreifingu á neysluvatni til notenda í dreifbýli á Fljótsdalshéraði eftir fordæmalaus þurrkatíð, sem varað hefur frá 20. júní til 20. september. Starfsmenn HEF og Múlappings hringdu á bæi til að kanna stöðu neysluvatns. Þar sem holur hafa verið boraðar eftir köldu vatni varð enginn skortur. Jökuldalur og Jökulsárhlíð stóðu hvað best, en erfiðast var á Völlum, Fellum og Þinghánnum tveim.

Vandamál var að bændur gátu ekki tekið við vatni, ílát skorti, en ýmsum aðferðum beitt, m.a. útvegaði Múlaping s.k. bamba. Bambarnir voru ýmist hafðir heima á hlaði, sem vatnsbíll á vegum Múlappings kom og fyllti á eða það sem algengara var, að bændur sóttu sér vatn sjálfir í bamba á kerrum.

Bærir sem fengu heimkeyrslu á vatni eru 7-8 talsins, mis margar ferðir voru farnar, 1-4 á hvern stað.

Ljóst að umræða er nauðsynleg um framtíðaráform og hvort HEF skuli koma að veitum í dreifbýli í meira mæli en verið hefur í formi ráðgjafar, sem gæti tengst ráðgjöf um varmadælur.

Stjórn óskar eftir samtali við Múlaping um framhald málsins og mögulega aðkomu HEF.

6 Ljósleiðari – staða verkefnis, kvartanir o.fl.

Plæging gengur ágætlega, nú er einn plógur á ferðinni, nærri Brúarási, komandi af Heiðarenda. Annar verður á ferðinni um mánaðamót sept.-okt. í plægingu frá Hákonarstöðum að Merki, heimtaugar á Skjöldólfsstöðum og Hjarðargrund ásamt tengingu frá Brúarási upp að brunni Mílu ofan Sellands.

Byrjun blásturs- og tengivinnu hefur tafist, bæði vegna kvörtunar vegna útboðs og að hluta vegna tafa í efnisafhendingu. Efni sem pantað var um miðjan apríl er væntanlegt í næstu viku.

7 8 mánaða uppgjör – staða

Enn vantar lítið uppá til að hægt sé að loka 8 mánaða uppgjöri. Vinna er þó hafin við uppgjörið. Farið yfir lausafjárstöðu.

8 Álagning vatns- og fráveitugjalda fyrir 2022

Verður skoðað og afgreitt samhliða yfirferð 8 mánaða uppgjors.

9 Fráveitureglugerð, endurskoðun

Lagt fram til kynningar.

10 Fráveitusamþykkt Múlaþings – birting

Fráveitusamþykkt Múlaþings hefur verið birt í B-deild stjórnartíðinda.

11 Starfsmannamál

Stefán Númi Stefánsson hefur hafið störf, tímabundið. Númi er boðinn velkominn til starfa.

12 Skógrækt á Flötum

Málið er í vinnslu.

13 Önnur mál

Ekkert bókað.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá þann 20. október næstkomandi.

Fundargerð yfirfarin og fundi slitið kl. 18:00.

Fundargerð ritaði Jónína Brynjólfsdóttir.

Fundargerð staðfest, _____ 2021

